

## **29. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 13. mars 2001 kl. 14.00 á skrifstofu SORPU.

Mættir: Gunnar Bragason, Pétur Bjarnason, Ingi Arason, Ragna Halldórsdóttir og Jóhannes Pálsson.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar er ekki tilbúin.

### **Samstarf við Hollustuvernd.**

Fundur verður haldinn 20. mars nk. með forstjóra Hollustuverndar.

### **Vinnuhópur, LCA greining.**

Sagt frá gangi mála.

### **Starfshópar og ráðgjafastjórn.**

Enn er eftir að klára skipun í stýrihópa. Guðmundur Tryggvi Ólafsson er tilbúinn að stýra hópi um urðun, brennslu og spilliefni. Eftir er að skipa í stýrihóp með honum.

### **Merkingar.**

Tillaga að nýjum merkingum verður kynnt á aðalfundi FENÚR.

### **Aðalfundur FENÚR.**

JP fór yfir reikninga og er afkoman í samræmi við áætlanir.

Erfiðlega gengur að fá yfirmann í umhverfisráðuneytinu til að ávarpa ráðstefnuna, Siv verður erlendis og ráðuneytisstjóri er heldur ekki tiltækur. Ljós að hafa þarf mun meiri fyrirvara á dagsetningu heldur en nú.

### **Ráðstefna FENÚR í framhaldi af aðalfundi.**

Ólafur Kjartansson og Guðlaugur Sverrisson munu flytja erindi um stöðu mála í endurnotkun og endurnýtingu úrgangs, og kynna frumvarp til laga um úrvinnslugjald og tækifæri sem þau geta skapað.

### **Önnur mál.**

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið 16:00

Gunnar Bragason.